

Íslandsmeistaramót aldursflokka í sundi - AMÍ Akureyri 20. - 22. júní 2025

Kæru félagar,

Íslandsmeistaramót aldursflokka í sundi - AMÍ verður haldið dagana 20. - 22. Júní 2025. Keppt verður í Sundlaug Akureyrar við Þingvallastræti, en sundlaugin verður lokuð almenningi á meðan mótshlutar fara fram. Boðið er upp á gistingu í Brekkuskóla sem er staðsettur við hlið sundlaugarinnar. Að venju þarf að hafa með sér dýnur og annan viðlegubúnað. Matur verður einnig framreiddur í Brekkuskóla.

Setning mótsins hefst með skróðgöngu klukkan 19:00 fimmtudaginn 19. júní 2025 við Íþróttahöllina á Akureyri og endar við sundlaugina. Eftir setninguna verður boðið upp á léttu máltíð í Brekkuskóla. Ef einhver ætlar **ekki** að vera í mat þetta kvöld má láta vita af því á netfangið: amiakureyri@gmail.com

Lokahóf fer fram í Íþróttahöllinni klukkan 14:30 sunnudaginn 22. júní.

Mótsgjaldið í ár er 30.000 krónur og er eftirfarandi innifalið:

- Gisting frá og með fimmtudagskvöldinu 19. júní til sunnudags 22. júní.
- Matur frá fimmtudagskvöldi og fram til sunnudagsmorguns.
- Lokahóf
- AMÍ bolur

Hægt verður að kaupa miða á lokahófið á meðan birgðir endast fram yfir seinni mótshluta á föstudeginum. Miðinn kostar 9.000 krónur.

Hægt verður að kaupa stakar máltíðir en eingöngu gegn því að panta **fyrirfram** á skráningarblaðinu. Hver máltíð kostar 2.300 krónur.

Hægt verður að kaupa staka boli en eingöngu gegn því að panta **fyrirfram** á skráningarblaðinu. Hver bolur kostar 4.000 krónur.

Dómarar geta óskað eftir að kaupa gisti- og fæðispakka og gera það í gegnum netfangið amiakureyri@gmail.com en þar má einnig óska eftir nánari upplýsingum um þessa pakka.

Skráning í mat og gistingu

Skráningar í AMÍ pakka skulu berast með því að fylla út eyðublað á síðu mótsins á vefsíðu SSÍ fyrir **4. júní**. Þar þarf einnig að koma fram fjöldi bola í hverri stærð ásamt **upplýsingum um fæðuofnæmi/óþol**. Ekki verður hægt að verður hægt að bregðast við slíkum upplýsingum eftir að skráningu lýkur.

Greiða þarf fyrir AMÍ mótsgjald samkvæmt skráningu á eyðublaði fyrir **11. júní**.

Vinsamlegast athugið að matar- og gistipassar ásamt bolum verða afhentir fararstjóra liðsins frá 17:00 - 19:00 í Brekkuskóla fimmtudaginn 19. júní og **þá aðeins gegn því að greiðsla hafi átt sér stað**.

Frekari upplýsingar um mótið munu birtast á heimasíðu Sundsambands Íslands, sundsamband.is/ami og á sérstakri Facebooksíðu AMÍ 2025 þegar nær dregur mótinu. Þar verða t.a.m. settar inn upplýsingar um matseðil, dagskrá og aðrar praktískar upplýsingar. Við hvetjum ykkur til að fylgjast vel með á þessum miðlum.

Öllum spurningum varðandi ofangreindar upplýsingar skal beina á amiakureyri@gmail.com

Hlökkum til að hitta ykkur á AMÍ 2025 á Akureyri

Bestu kveðjur
AMÍ nefnd Óðins

